

A large, stylized white owl graphic is centered on a yellow background. The owl's face is composed of simple, rounded shapes, with large, circular eyes and a beak. The overall style is minimalist and modern.

**Foreldraverðlaun  
Heimilis og skóla  
2010**



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra



# FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA 2010

**Þjóðmenningarhús, þriðjudagur 1. júní kl. 15:00**

## **DAGSKRÁ:**

Nemendur frá Tónlistarskóla Seltjarnarness  
Elín Helga Lárusdóttir og Hanna Rakel Bjarnadóttir

## Setning

Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla

## Ávarp

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

## Greint frá niðurstöðum dómnefndar

Formaður dómnefndar Brynhildur Pétursdóttir

## Afhending Foreldraverðlaunanna 2010

## Athöfn slitið

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkvæmdarstjóri Heimilis og skóla

## **Tónlistarflutningur við innkomu**

Ari Bragi Kárasón og Kári Húnfjörð Einarsson

**Að lokinni dagskrá er gestum boðið uppá léttar veitingar**

*Verðlaunagripur Foreldraverðlaunanna 2010 er hannaður og unninn af Elísabetu Ásberg*

Heimili og skóli þakkar dómnefnd  
vel unnin störf.

**Dómnefnd skipa:**

Brynhildur Pétursdóttir formaður dómnefndar  
*Heimili og skóli*

Barbara Björnsdóttir  
*Heimili og skóli*

Guðbjörg Jónsdóttir  
*Menntasvið Reykjavíkurborgar*

Halla Jónsdóttir  
*Menntavísindasvið Háskóla Íslands*

Sigurveig Sæmundsdóttir  
*Skólastjórafélag Íslands*

Soffía Karlsdóttir  
*Svæðisráð Heimilis og skóla*

Þórður Ingi Bjarnason  
*Fulltrúaráð Heimilis og skóla*

Heimili og skóli þakkar eftirtöldum aðilum  
stuðning við Foreldraverðlaunin 2010:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Tilnefningar til Foreldraverðlauna 2010

Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands, Matthildur Aradóttir formaður	6-7
Foreldrafélag Þjórskóla	8
Húsaskóli	9
Vesturbæjarskóli, Nanna Hlíf Ingvarsdóttir og Elfa Lilja Gísladóttir	10
Foreldrar í Vesturbæjarskóla; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdóttir og María Helena Sarabía	11-12
Heilbrigðisfræðslan 6H heilsunnar og vefurinn www.6h.is	13
Starfsmenn Dvergasteins	14
Hlíf Brynja Baldursdóttir og Þórhildur Kristjánsdóttir	15
Steinunn Snædal	16
Brúarásskóli	17
Foreldrafélag Setbergsskóla	18
Foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassaleitisskóla	19-21
Foreldrafélag Leikskólans Mýri	22
Hofsstaðaskóli, Sædís Arndal, kennari í smíðum og nýsköpun	23
Foreldrafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólanna á Álftanesi og Félagsmiðstöð Álftaness	24
Álftanesskóli	25
Samspil frístunda og skóla í Kópavogi	26
Frístundabíllinn Hafnarfirði	27-28
Fjörfiskar, tómstundir fyrir fatlaða einstaklinga, Rut Jörgensdóttir Rautenberg	29
Borghildur Jósúadóttir, formaður foreldraráðs FVA	30
Kristján Freyr Geirsson, lögreglumaður, varðstjóri forvarnarmála	31
Árni Einarsson	32
Anna Margrét Sigurðardóttir	33
Egilsstaðaskóli á Fljótsdalshéraði	34
Anna Dagbjört Andrésdóttir, Karen Ósk Ólafsdóttir og Sonja Lára Axelsdóttir	35
Hólabrekkuskóli	36
Hrund Þórarinsdóttir	37
Foreldrafélag Vinagarðs, leikskóla KFUM og K	38
Kennarar og starfsfólk Barnaskóla Hjallastefnunnar Vífilsstöðum	39
Kennarar og stjórnendur Kópavogsskóla	40
Foreldrastarf vegna Kórs Flensborgarskólans	41
Sr. Guðrún Karlsdóttir, prestur í Grafarvogskirkju	42
Hjólafærni á Íslandi - Bláfjallaævintýrin	43

## Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands, Matthildur Aradóttir formaður

### Foreldravakt fyrir utan böll í framhaldsskólum – áfengislaus 3. bekkur

Markmiðið með verkefninu er að draga stórlega úr drykkju ungmenna í framhaldsskólum og að styrkja nýnema framhaldsskólum til að mæta allsgáð á framhaldsskólaböllum. Allir nýnemar við skólann eru látnir blása í áfengismæli. Foreldrar gegna þar lykilhlutverki (að standa vaktina í fyrirpartýjum og fyrir utan böllin) og þeirra þáttur er ómetanlegur í þessu brýna verkefni. Öflugur formaður í foreldrafélagi gefur jafnframt tóninn í slíku átaki.

Nemendapjónusta Verzlunarskóla Íslands fundar með foreldrum og formaður félagsins skipuleggur hverjir mæta fyrir böll. Það mæta að jafnaði 8-10 foreldrar fyrir utan hvert ball, og eru til staðar fyrir starfsfólk skólans og nemendur. Þannig hefur tekist í einum stærsta framhaldsskóla landsins að láta yfir 300 nemendur blása í áfengismæli við innganginn án nokkurra hnökra. Nú gengur þetta fyrir sig eins og í sögu, nemendur heilsa foreldrum, ganga beint í raðir, nýnemar blása í áfengismælinn eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Verkefnið var útfært á öllum skólaböllum sem haldin voru í vetur. Matthildur Aradóttir, formaður foreldrafélagsins skipulagði foreldravakt fyrir hvert ball. Stór breyting var á hegðun nemenda í biðröðinni fyrir utan dansleikina.

Nú eru allir að tala saman þegar kemur að skýrum skilaboðum til ungmenna varðandi drykkju ungmenna. Skilaboð skóla og foreldra til samfélagsins eru þau að vera mótfallin drykkju ungmenna á fyrstu árum framhaldsskólans. Þessi skilaboð eru að smita samfélagið með mjög jákvæðum hætti.

**Tilnefnd:** Foreldravakt fyrir utan böll í framhaldsskólum – áfengislaus 3. Bekkur / Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands, Matthildur Aradóttir formaður

**Tilnefningaraðili:** Þorkell Diego, yfirkennari Verzlunarskóla Íslands

## Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands, Matthildur Aradóttir formaður

### Virkt félag - Aðstoð við ballgæslu og áfengismælingar á fyrsta árs nemum

Markmiðið með verkefninu er að foreldrar séu sýnilegir og séu þátttakendur í félagslífi ungmenna. Aðstoði skólann og vinni með þeim sem sjá um félags- og forvarnastarf í skólanum.

Verkefnið er útfært í skólanum og fyrir utan dansleiki. Bragur á dansleikjum hefur breyst til muna síðan foreldrafélagið fór að hafa afskipti ásamt kennurum af dansleikjum skólans. Gott er að hafa foreldra fyrir utan, það kemur betri bragur á skemmtanir.

Foreldrafélagið hefur verið mjög virkt í þessi 4 ár sem verkefnið hefur verið við lýði. Þetta er mjög jákvæður hópur, kraftmikill og áhugasamur, og alltaf tilbúinn til að aðstoða og vera virkur þátttakandi.

Mjög jákvætt er að vera með virkt foreldrafélag. Samstarfið er mjög gott og nemendur eru ánægðir með þetta framtak.

**Tilnefnd:** Aðstoð við gæslu á skólaböllum og áfengismælingar á fyrsta árs nemum / Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands, Matthildur Aradóttir formaður

**Tilnefningaraðili:** Ingibjörg Ósk Jónsdóttir, kennari

## Foreldrafélag Þjórsárskóla

### Foreldrar í skógarkennslu

Þjórsárskóli er með skógarkennslu í þróun ásamt Skógrækt ríkisins í Þjóðskóginum í Þjórsárdal. Meðal verkefna sem hafa verið unnin þar með mikilli þátttöku foreldra er tveggja daga viðvera í skóginum með gistingu í tjaldbúðum. Um helmingur foreldra tók þátt í skógardögum og skólinn var með nemendur frá 1.-7. bekk í gistingu. Annað verkefni er jólaferð í skóginn með foreldrum og nemendum, þar sem unnin eru verkefni tengd jólum og fjölskyldur sækja sér jólatré í skóginn. Eftirjólinkomasvönemendur með búið jólatrénu og vinnanytjahlut í hönnun og smíði úr trénu og fara með heim. Verkefni og tengslin við skóginn hafa mótað áherslur skólans og eftir samstarf við heimilín og jákvæð viðhorf foreldra til verkefna í skólanum og skólafarsins í heild.

Markmiðið er að efla samstarf heimila og skóla með þátttöku foreldra í verkefnum og viðburðum innan skólans. Þar að auki eru námskráartengd markmið í einstökum þáttum.

Skólanefnd, skólaráð og nemendafélag hafa allir samþykkt og lagt áherslu á að skógarkennsla og verkefni þar verði þróuð áfram og efla jákvæða ímynd skólans. Þetta er orðinn fastur liður í skólafarsfari eftir tveggja ára tilraun og er hluti af sérstöðu skólans í námskrá. Næsta áhersla sem hefur verið samþykkt er að efla þjálfun nemenda í samstarfi við þjörgunarsveitir um búnað og afkomu í erfiðum aðstæðum og nýju umhverfi.

Foreldrar koma með í verkefni og eru hluti af þátttakendum með því að aðstoða og hjálpa til eins og starfsmenn skólans og einnig að taka þátt í verkefnum með nemendum.

Nemendur hafa þekkingu á nærumhverfi sínu, sem er skógurinn í Þjórsárdal. Þegar gestir koma þá vilja nemendur oft á tíðum sýna þeim skóginn og svæðið þar. Nemendur verða þá leiðsögumenn foreldra og gesta. Með verkefnum í skóginum hefur tekist að færa hann nær heimilum sem tengjast skólanum. Það er líka aukið samstarf við foreldra í tengslum við skógarverkefni þegar foreldrar koma með og sjá hvað er í gangi. Þeir verða opnir fyrir fleiri verkefnum og óhræddir við að festa verkefni í hefðir skólans.

Það eru allir að vinna saman í „nýju“ umhverfi og styðja og treysta á hvert annað – skóli, nemendur, kennarar og foreldrar.

**Tilnefndir:** Foreldrar í skógarkennslu / Foreldrasamfélagið / Þóra Gylfadóttir, formaður foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** Ingibjörg María Guðmundsdóttir, foreldri

## Húsaskóli

### Árangur – unnið með einelti í Húsaskóla, 2005-2010

Verkefninu er ætlað að vinna gegn einelti við Húsaskóla.

Einelti mælist lægst í Húsaskóla af öllum skólum borgarinnar. Það var hins vegar vegna ábendinga foreldra að verkefnið fór af stað fyrir fimm árum. Þá var einelti sérstakt umkvörtunarefni. Húsaskóli varð Olweusarskóli árið 2005 og hefur unnið samkvæmt áætlun Olweusar gegn einelti síðan. Allir starfsmenn skólans hafa verið virkjaðir. Það eru lagðar fyrir kannanir á hverju ári.

Í haust mældist minnst einelti í Húsaskóla af öllum Olweusarskólum í Reykjavík. Bæði skólaupúlsinn og Olweusarkönnunin styðja hver aðra um það að líðan nemenda er vel yfir meðaltali í Húsaskóla.

Foreldrar komu því af stað með ábendingum að úrbóta væri þörf. Foreldrar hafa tekið þátt í könnunum, veitt aðhald og fylgst vel með líðan barna sinna vegna fyrri reynslu sem var ekki góð.

Ljóst er að það er hægt að umbreyta skólastarfi með því að auka og bæta líðan barna.

Olweusarverkefnið hefur bætt foreldrastarf í heild sinni. Fastar hefðir í eftirliti á líðan barna skapar traust á skólanum. Aukin tengsl foreldra, aukin aðkoma foreldra að skólastarfi, aukið og bætt samstarf foreldra og skóla.

Nánari upplýsingar um eineltisáætlunina eru á heimasíðu skólans:

[http://husaskoli.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=574:eineltisstefna-husaskola&catid=39](http://husaskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=574:eineltisstefna-husaskola&catid=39)

**Tilnefndur:** Árangur – unnið með einelti í Húsaskóla 2005-2010 / Húsaskóli / Valgerður Selma Guðnadóttir, skólastjóri Húsaskóla

**Tilnefningaraðili:** Ragnar Sær Ragnarsson, foreldri

# Vesturbæjarskóli, Nanna Hlíf Ingvarsdóttir og Elfa Lilja Gísladóttir

## Tónlistarkennsla í Vesturbæjarskóla

Markmiðið er að allir nemendur fái að taka þátt og þau fái sjálf að móta og hafa áhrif á verkefnið sjálft, frá byrjun til flutnings verksins.

Frá því nemendur hefja skólagöngu sína fá þeir að taka virkan þátt í tónlistaratriðum, þeir horfa svo á eldri nemendur flytja atriði sem eru algerlega samin af hópnunum og hafa kennararnir með einstakri natni leiðbeint þeim til að flutningurinn verði sómasamlegur.

Aðkoma foreldra felst í góðri mætingu á viðburðina, í tilhlökkun og jafnvel nokkrum tárnum sem falla við að hlusta á metnaðarfullan flutning nemendanna.

Það er mikilvægt að nefna þau áhrif sem það hefur á nemendur, þegar hver og einn finnur að hans framlag er mikilvægt. Nemendur fá sjálfir að velja t.d. lag og hver og einn finnur sér hlutverk til að fullkomna flutning verksins. Tónlistarkennurum Vesturbæjarskóla hefur tekist einstaklega vel upp með að halda áhuga nemenda á tónlist. Það sýnir sig í því að elstu nemendurnir vanda sig mikið við að skila sínu til að heildarmyndin gangi upp.

Það er einstakt að sjá hvernig kennurum hefur tekist að fá nemendurna til að byggja verkefnið upp sem heild, allt frá því hugmyndin að verkefninu kemur upp og að flutningi verksins fyrir fullum sal. Þessi hópvinna hjálpar þeim mikið og lætur öllum líða sem hluta af hóp sem getur það sem hann tekur sér fyrir hendur. Það byggir upp sjálfstraust þeirra sem oft er veikt á þessum aldri. Sú tilfinning að vera hluti af farsælum hópi getur staðið með þeim lengi, hún getur jafnvel leitt þá framhjá fyrstu skrefum í áhættuhegðun sem er einmitt um 14 ára aldur. Það er eitt það mikilvægasta sem hið óeigingjarna starf tónlistarkennaranna gefur af sér til nemendanna út í lífið, ásamt sjálfstrausti og tónlistaráhuga. Öryggi og sjálfstraust nemenda hjálpar kennurum að miðla til nemenda, foreldrunum að halda tengingu við börnin sín og nemendunum að vera virkur samfélagsþegn.

**Tilnefnd:** Tónlistarskennsla í Vesturbæjarskóla / Vesturbæjarskóli / Nanna Hlíf Ingvarsdóttir, tónmenntakennari og Elfa Lilja Gísladóttir, umsjónarkennari

**Tilnefningaraðili:** Svanhildur Sigurðardóttir, foreldri

## Foreldrar í Vesturbæjarskóla; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdótti og María Helena Sarabia Vinafjölskyldur í Vesturbæjarskóla

Tilgangurinn er að taka vel á móti erlendum/nýjum börnum og fjölskyldum. Að miðla til þeirra hefðum og venjum í skólastarfi og aðstoða við þátttöku í samfélaginu, með heimsóknum, aðstoð við heimanám, og menningarmiðlun milli beggja fjölskyldna.

Verkefnið er þriggja ára og verið er að kynna það fyrir fleiri skólum sem sýnt hafa því áhuga.

Þetta er alfarið foreldraverkefni, en skólinn/kennarar aðstoða með það sem þarf.

Verkefnið hjálpar nýjum nemendum að aðlagast og taka þátt, líka í því sem er framandi fyrir þau.

Verkefnið hjálpar erlendum foreldrum með samskipti við aðra foreldra og skólann.

Verkefnið hefur verið kynnt í öðrum skólum sem hafa sýnt áhuga fyrir því að taka verkefnið upp hjá sér.

**Tilnefndir:** Vinafjölskyldur / Foreldrar í Vesturbæjarskóla; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdóttir og María Helena Sarabia

**Tilnefningaraðili:** Kristín Ólafsdóttir

# Foreldrar í Vesturbæjarskóla; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdótti og María Helena Sarabia

## Vinafjölskyldur í Vesturbæjarskóla

Verkefnið gengur út á að foreldrarnir sem stýra verkefninu finna vinafjölskyldu fyrir fjölskyldu hvers erlends barns sem kemur í skólann. Börn fjölskyldnanna eru í sama bekk og er markmiðið að íslenska fjölskyldan efli þá erlendu í þátttöku í skólafarfinu, að mæta á skemmtanir og uppákomur í skólanum, sjái til þess að erlenda fjölskyldan viti hvað er að gerast í skólanum og skilji þær upplýsingar sem þeim berast. Einnig er markmiðið að erlenda barnið eignist vin og að það geti fengið stuðning hjá íslensku fjölskyldunni við lestur og annað sem foreldrar þess geta hugsanlega ekki aðstoðað við.

Verkefnið er á fjórða starfsári og hafa foreldrar í öðrum skólum látið í ljós mikinn áhuga á að taka það upp í sínum skólum. Foreldarnir úr Vesturbæjarskóla eru að vinna með foreldrum úr Fossvogsskóla og Austurbæjarskóla að því að taka verkefnið upp þar.

Foreldrar áttu frumkvæðið að þessu verkefni og sjá algjörlega um það í góðu samstarfi við skólann. Verkefnið hefur eftir Vesturbæjarskóla í því að taka vel á móti börnum innflytjenda og fjölskyldum þeirra.

Vegna þess að þetta verkefni nær út fyrir bekkinn og snýst líka um samskipti foreldra, þá hefur það stuðlað að því að þær fjölskyldur innflytjenda sem taka þátt í því upplifa sig sem velkomnar í samfélagið. Það hefur líka opnað augu þeirra íslensku fjölskyldna sem taka þátt í því, fyrir því hvernig það er að vera tengslalaus í nýju samfélagi.

Þetta verkefni er svo aðdáunarvert því það spratt af einlægri löngun nokkurra foreldra til að leggja sitt af mörkum til að láta öllum líða vel og finnast þeir eiga heima í bekkjunum sem börnin þeirra voru í. Verkefnið er vel skipulagt og undir góðri og metnaðarfullri stjórn.

**Tilnefndir:** Vinafjölskyldur / Foreldrar í Vesturbæjarskóla; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdóttir og María Helena Sarabia

**Tilnefningaraðili:** Gerður Gestsdóttir

## Heilbrigðisfræðslan 6H heilsunnar og vefurinn [www.6h.is](http://www.6h.is)

Markmiðið er Heilbrigðisfræðsla. Efla andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði grunnskólabarna útfrá hugmyndafræðinni um H-in 6 þ.e. hamingja, hollusta, hreinlæti, hvíld, hugrekki og hreyfing. 6 táknar svo fræðslu um kynheilbrigði. Skólaheilsugæslan veitir fræðsluna sem unnin hefur verið í samstarfi Heilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar.

Samræmd heilbrigðisfræðsla 6H.is hófst fyrir nokkrum árum og er nú veitt í öllum árgöngum grunnskóla. Næstum 90% nemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu fá nú alla sömu fræðsluna. Fræðslan er skráð á hvern nemanda í sjúkraskrárkerfi skólaheilsugæslunnar Ískrá, en þannig er auðvelt að fá gögn um hvaða nemendur hafa fengið fræðsluna.

Foreldrar fá alltaf foreldrabréf í tölvupósti og/eða heim með nemanda með upplýsingum um fræðsluna sem barnið hefur fengið. Þannig skapast góðar aðstæður til að ræða efni fræðslunnar heima. Foreldrar lýsa ánægju með fræðsluna og hafa samband og óska eftir að börn þeirra fái fræðsluna, ef þau t.d. hafa af einhverjum orsökum verið fjarverandi þegar fræðslan var veitt. Kennarar eru oft viðstaddir þegar fræðslan er veitt og taka þátt í umræðum. Skólar hafa nýtt sér myndefni úr fræðslunni í sinni kennslu.

Fræðslan er sveigjanleg að því leiti að margvísleg viðbótarfræðsla (bæði einstaklings og eða fyrir hópa) hefur verið veitt þegar aðstæður í skóla hafa kallað á það. Þá er einnig fljótlegt og auðvelt að koma fróðleiksmolum til foreldra af [www.6h.is](http://www.6h.is) síðunni með tölvupósti gegnum mentor, til dæmis varðandi slysavarnir, ráðlagðan svefntíma barna, eða hvaðeina sem kemur til umræðu í daglegu skólalífi.

Táknmynd fræðslunnar er 6 H heilsunnar teningurinn, stór pappateningur sem börn í grunnskólum eru farin að þekkja vel og vita hvað heitir. Nánari upplýsingar um fræðsluna má sjá hér: <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=24>

**Tilnefnd:** Heilbrigðisfræðslan 6H heilsunnar og vefurinn [www.6h.is](http://www.6h.is) / Margrét Héðinsdóttir, sviðsstjóri Heilsuverndar skólabarna, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

**Tilnefningaraðili:** Hrönn Håkansson, skólahjúkrunarfræðingur

## Starfsmenn Dvergasteins

### Jóga fyrir stráka og stelpur á leikskólanum Dvergasteini

Markmiðið er að fræða börnin og kenna þeim góðar og gildar æfingar fyrir líkamann.

Stelpu og stráka jóga er haldið einu sinni í viku á hverri deild á leikskólanum. Krakkarnir læra að gera jógastillingar sem kenndar eru við dýr og hefur verkefnið vakið mikla kátínu hjá börnunum sem mæta galvösk heim og kenna foreldrum kisuna, örninn og fleiri „jógaðýr“. Börnin læra einnig að slaka á í jóga en slíkur lærdómur nýtist án efa öllum einstaklingum alla ævi.

Ekki er um að ræða tímabundið verkefni heldur hluta af hefðbundinni námsskrá skólans og er það til marks um hversu frábær leikskólinn er í heild sinni. Kennararnir og allt starfsfólk fléttar festu og fjölbreytni listalega saman, svo skipulögð dagskrá barnanna býður upp á magnaða fjölbreytni líkt og jógað án þess þó að draga úr mikilvægi hins frjálsa leiks barnanna.

Námskeiðið er löngu orðinn fastur liður í námsskrá Dvergasteins.

Foreldrar njóta góðs af námi barna sinna á stofugólfinu heima, þegar þeim er kennt að leika dýrin með jógískum tilburðum. Jógað er tilvalið nám sem börnin geta sýnt foreldrum sínum þegar heim kemur, það eykur vellíðan barna og kennir börnunum ýmislegt um dýrin. Með látbragði geta börnin leikið eftir lærdóminn og tengt foreldra sína við námið sitt í skólanum.

**Tilnefndir:** Jóga fyrir stráka og stelpur á leikskólanum Dvergasteini / Starfsmenn Dvergasteins / Elín Mjöll Jónasdóttir, leikskólastjóri

**Tilnefningaraðili:** Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, foreldri

## Hlíf Brynja Baldursdóttir og Þórhildur Kristjánsdóttir Foreldranámskeið um uppeldisstefnu Grunnskóla Hornafjarðar – uppeldi til ábyrgðar

Markmiðið er að kynna uppeldisstefnu skólans, til að auðvelda foreldrum að nota stefnuna áfram á heimilinu og efla þar með samstarf milli heimilis og skóla.

Námskeiðið fór fram í Grunnskóla Hornafjarðar fimm kvöldstundir. Þetta var í fyrsta sinn sem námskeiðið var haldið og var það mál manna að þetta væri eitthvað sem væri komið til með að vera, jafnt fyrir foreldra nýrra barna í skólanum og einnig fyrir hina, til að hrista saman uppeldismálin og ná þannig meiri samfelli í skólagöngu barnanna með meðvituðum foreldrum.

Aðkoma foreldra fólst í að mæta og taka þátt í verkefnavinnu og hlusta á fyrirlestur. Um er að ræða nýtt verkefni sem á eftir að efla samstarfið enn frekar.

Verkefnið er upplýsandi fyrir foreldra um aðferðir sem notaðar eru í kennslu og utan, það auðveldar foreldrum alla eftirfylgni þegar barnið kemur heim og foreldri þarf að klára ófrágangið mál.

**Tilnefndar:** Foreldranámskeið um uppeldisstefnu grunnskólans – uppeldi til ábyrgðar / Hlíf Brynja Baldursdóttir og Þórhildur Kristjánsdóttir, umsjónarkennari og deildarstjóri sérkennslu, Grunnskóla Hornafjarðar

**Tilnefningaraðili:** Gunnhildur Imsland, foreldri

## Steinunn Snædal

### Danskennsla við Brúarásskóla

Markmiðið er að nemendur þjálfist í dansi, gömlum og nýjum, öðlist sjálfstraust og sjálfstöryggi og rækta með sér virðingu fyrir öðrum.

Steinunn Snædal, foreldri í skólanum, kemur í 80 mínútur á hverjum föstudegi og kennir nemendum skólans gömlu dansana og ýmislegt nýrra með. Verkefnið er alfarið unnið í sjálfboðavinnu.

Verkefnið hefur verið í gangi í allan vetur og nemendur hafa sýnt dans á skólaskemmtunum við góðan orðstír.

Verkefnið hefur mikil og góð áhrif á börnin, hristir þau saman og eykur þeim sjálfstöryggi. Það að foreldri í skólanum kemur og leggur á sig vinnu í þágu nemenda, eingöngu sér til ánægju og til að styðja við vinnuna í skólanum, hefur mikið að segja fyrir allt skólasamfélagið og hvetur aðra foreldra til að taka meiri þátt í skólastarfinu.

Fleiri foreldrar hafa í vetur boðið fram krafta sína við vinnu við skólann en áður, sem er vel, ekki síst á krepputímum. Einn keyrði hópinn í keppnisferð til Reykjavíkur án þess að þiggja laun, sem gerði skólanum kleift að senda hóp þangað, annar þjálfar nemendur í fótbolta. Kennarar eru þakklátir fyrir allt sem foreldrar leggja af mörkum og telja að Steinunn hafi gengið á undan með góðu fordæmi frá upphafi vega.

**Tilnefnd:** Danskennsla við Brúarásskóla / Steinunn Snædal, foreldri í skólanum

**Tilnefningaraðili:** Kennarafélag Brúarásskóla / Ingunn Snædal

## Brúarásskóli

### Dýrahús og ræktun í Brúarásskóla

Reist hefur verið dýrahús við skólann þar sem haldin eru naggrísir, hænur og kanínur. Nemendur sjá um dýrin á virkum dögum, í fríum fara þau í fóstur hjá hinum og þessum. Enn fremur er verið að rækta mikið af matjurtum og grænmeti við skólann og foreldrar taka töluverðan þátt í þeirri vinnu.

Skólinn er að sækja um að verða Grænfánaskóli og hvers konar ræktun og umhirða dýra fellur vel að þeirri vinnu. Ennfremur styrkir þetta ábyrgðartilfinningu nemenda og veitir þeim mikla ánægju að umgangast alls konar dýr og vinna úti í náttúrunni.

Verkefnið er á öðru starfsári sínu, gengur mjög vel og hleður utan á sig. Á hverju ári koma foreldrar saman og dytta að því sem þarf, girða, mála og setja niður, auk þess sem þeir skiptast á yfir sumarið að sinna grænmetinu, reyta arfa og slíkt. Þetta er mjög gott og jákvætt verkefni og hefur fengið fleiri foreldra til að taka þátt í starfi skólans.

Auk þess að sinna viðhaldi og taka þátt í gróðursetningu og slíku í sjálfböðavinnu, taka foreldrar dýrin í pössun á sumrin og í lengri fríum. Þetta er mjög jákvætt og styrkir enn böndin milli foreldranna og skólans.

Að mati tilnefnanda er Brúarásskóli að vinna mjög gott starf með nemendum og foreldrum. Foreldrar taka mikinn þátt í skólastarfi og eru boðnir og búnir til að rétta hjálparhönd þegar þarf, og það er mikils virði. Alltaf er gaman að koma í skólann og foreldrum líður þar eins og heima hjá sér. Þeir eru ávallt velkomnir í kaffi og spjall og andrúmsloftið er mjög gott.

**Tilnefndur:** Dýrahús og ræktun í Brúarásskóla / Brúarásskóli / Stefanía Malen Stefánsdóttir, skólastjóri

**Tilnefningaraðili:** Steinunn Snædal, foreldri

## Foreldrafélag Setbergsskóla

### Handbók foreldra og bekkjarfulltrúa í Setbergsskóla

Markmið verkefnisins er að auðvelda starf bekkjarfulltrúa og auka aðgengi foreldra að nytsamlegum upplýsingum um skólastarfið, námið og uppeldi barna.

Handbókin er unnin af fulltrúum í foreldrafélagi Setbergsskóla. Verkefnið er útfært í Setbergsskóla í Hafnarfirði og er aðgengilegt öllum foreldrum og starfsfólki skólans á heimasíðu skólans [www.setbergsskóli.is](http://www.setbergsskóli.is).

Verkefnið hefur aukið upplýsingaflæði til foreldra og nú er til á einum stað handbók sem hægt er að leita í varðandi boðleiðir og hlutverk, auk þess sem auðvelt er að uppfæra þessar upplýsingar milli ára á aðgengilegan hátt.

Handbókin hefur stutt við það fyrirkomulag sem verið hefur til margra ára um að hafa bekkjarfulltrúa í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa var stundum á reiki og foreldrar óruggir um hlutverk sitt. Handbókin hefur hjálpað til við að setja ramma um starfið og auðveldað foreldrum að finna hagnýtar upplýsingar um ýmislegt sem við kemur því að vera foreldri og bekkjarfulltrúi í Setbergsskóla. Í bókinni er einnig að finna eyðublað sem auðvelda starfið og skapa samfellur milli starfsára. Handbókin hefur aukið aðgengi foreldra að skólanum og styrkt foreldra í hlutverki sínu.

Handbók sú sem hér er tilnefnd er byggð á bæklingi sem unninn var undir forystu Aldísar Yngvadóttur sem þá sat í stjórn foreldrafélags Setbergsskóla. Sá bæklingur fjallaði um upphaf skólagöngu en handbókin hefur þróast í að vera víðtækara upplýsingarit fyrir foreldra með sérstakri áherslu á upplýsingar til bekkjarfulltrúa.

**Tilnefnd:** Handbók foreldra og bekkjarfulltrúa í Setbergsskóla / Pálmar Sigurðsson, formaður foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** María Pálmadóttir og Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjórnendur Setbergsskóla

# Foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassaleitisskóla

## Vinir í Hvassó

Markmið verkefnisins að vinna gegn einelti innan Hvassaleitisskóla.

Verkefnið er hugmynd Lindu B. Ólafsdóttur og unnið í samvinnu við Foreldrafélag Hvassó og skólann. Verkefnið hefur verið unnið á þemadögum innan skólans á haustönn og vorönn.

Foreldrar hafa styrkt verkefnið, bæði með eigin vinnu á ýmsum sviðum og einnig fjárhagslega. Foreldrar voru mjög tilbúnir að vinna í þessu verkefni vegna þess að þetta var mjög gott verkefni og brýnt að vinna það innan skólans, þar sem talsvert einelti er innan Hvassaleitisskóla.

Foreldrar hafa jákvæðari tengsl við skólann, þar sem þetta verkefni var unnið af foreldrum var sjónarhorn verkefnisins alltaf frá þeirri hlið. Skólastjórnendur merkja jákvæðari viðhorf til skólans. Verkefnið hefur sameinað foreldra við skólann og gert samfélaginu gott.

Þetta var faglega unnið og vel gert verkefni sem á sinn engan líkan. Foreldrar sameinuðust um að vinna að þessu þarfa og góða starfi og eiga þær Linda B. Ólafsdóttir og Inga Ívarsdóttir heiðurinn af því að stjórna því með þeim hætti að sómi er af.

Á meðfylgjandi link má finna þau fréttabréf sem unnin voru í sambandi við verkefnið: [http://www.hvassaleitisskoli.is/index.php?option=com\\_content&view=category&id=78&Itemid=88](http://www.hvassaleitisskoli.is/index.php?option=com_content&view=category&id=78&Itemid=88)

**Tilnefnd:** Vinir í Hvassó / Foreldrafélag Hvassó, Inga Ívarsdóttir formaður, og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassó

**Tilnefningaraðili:** Þórdís Zoëga, foreldri

# Foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassaleitisskóla

## Vinir í Hvassó

Markmið verkefnisins er að draga úr einelti og auka samstöðu meðal nemenda, foreldra og starfsmanna skólans.

Foreldrar höfðu frumkvæði að verkefninu, hönnuðu einkennismerki þess og útfærðu hluta verkefnisins. Þau hafa látið útbúa veggspjöld þar sem umfjöllunin er einelti en þau munu hanga á veggjum skólans næsta skólaár. Þau létu útbúa sérstakar vinakökur og buðu nemendum og starfsfólki í vinakaffi. Þau hafa skipulagt nokkra fyrirlestra fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur þar sem rætt hefur verið um einelti, skólabrag o.fl. Jafnframt hafa foreldrar gefið út fimm fréttabréf um verkefnið.

Verkefnið hefur haft viðtæk áhrif á viðhorf nemenda gagnvart einelti. Á lóð skólans verður komið fyrir einkennismerki verkefnisins sem er blár broskarli auk þess sem stór veggmynd af broskarli hangir í anddyri skólans. Afrakstur verkefnisins má því finna víða. Nemendur unnu á dögum að veggmynd þar sem hver nemandi vann hluta af heildarverki þar sem þemað var sjálfsmynd og vinátta. Það verk verður afhjúpað á vordögum.

Verkefnið hefur styrkt tengsl milli foreldrasamfélags og skólans endasamstarf verið mikið og af hinu góða. Hugmyndir gengu á víxl milli heimilis og skóla og útkoman var frábært verkefni sem allir hafa haft eitthvað gagn af. Hugmyndin er að verkefnið muni stuðla að jákvæðri hefð og verkefnið er gott veganesti til framtíðar.

Foreldrar hafa komið inn í skólastarfið í auknum mæli, þeir búa yfir margvíslegri reynslu sem hefur skilað sér á jákvæðan hátt inn í verkefnið.

**Tilnefnd:** Vinir í Hvassó / Foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður / Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassaleitisskóla

**Tilnefningaraðili:** Kennarar Hvassaleitisskóla / Hafliði Kristinsson, árgangastjóri 8.-10. bekkjar, Svana Friðriksdóttir, árgangastjóri 5.-7. bekk og Helga Ólafsdóttir, árgangastjóri 1.-4. bekk.

# Foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassaleitisskóla

## Vinir í Hvassó

Verkefninu er ætlað að stuðla að betri samskiptum, vináttu og vellíðan nemenda og draga fram ólíka þætti eineltis og áhrifa þess á einstaklinginn.

Stjórn foreldrafélagsins og fulltrúar foreldra í skólaráði höfðu frumkvæðið að verkefninu og skipulögðu það að mestu leyti. Þeir fengu skólastjórnendur og kennara til liðs við sig í verkefninu og unnu í raun algert þrekvirki í því að gera svo viðamikil verkefni að veruleika.

Verkefnið hófst sem átaksverkefni í einn mánuð, þ.e. nóvember s.l. Síðan hefur vináttan verið einskonar þema í skólanum og t.a.m. var þemadagur í skólanum þriðjudaginn 20. maí þar sem hefðbundið skólastarf var brotið upp og allir nemendur skólans unnu verkefni um vináttuna.

Allur skólabragurinn hefur breyst á mjög jákvæðan hátt með þessu verkefni, skólinn er einfaldlega orðinn glaðlegri, krakkarnir miklu meðvitaðri um mikilvægi vináttunnar og slæmar afleiðingar eineltis. Það var gríðarleg þörf í skólanum fyrir vakningu í þessum efnum, og þetta verkefni hefur gert þar bragarbót á. Skólinn sjálfur leggur meiri áherslu á vöktun líðan barna í skólanum, s.s. með þátttöku í svokölluðum Skólapúls og gæslulíðum í frímínútum hefur verið fjölgað. Áhersla foreldra í verkefninu og utan þess hefur haft þar mikil áhrif þar á.

Verkefnið hefur hafið vináttu og baráttu gegn einelti upp á þann stall í skólakerfinu og á heimilunum að ekki er lengur valkostur að horfa fram hjá mikilvægi þessara þátta. Það hefur breytt skólabragnum, vakið foreldra, nemendur, kennara og skólastjórnendur til umhugsunar um málaflokkinn og stuðlað að jákvæðum samskiptum nemenda við hvern annan. Það hefur virkjað foreldra í að leggja sitt af mörkum til að bæta skólann sem samfélag og nýtt hefðbundnar uppákomur á vegum foreldrafélags og skóla til að minna á verkefnið. Þá hefur það stofnað til uppákomasemekkierólíklegtaðgætuorðiðaðnýjumhefðum í skólastarfinu - s.s. vináttuknúskæðu utan um skólann, mynda hjarta á skólalóðinni og hafa sérstakan vináttuþemadag.

Foreldrar og fjölskyldur nemenda hafa ítrekað fengið boð um þátttöku í hinum ýmsu verkefnum átaksins. Þá hefur blái broskallinn - merki sem sérstaklega var hannað fyrir átakið - fest sig í sessi sem áminning um hvað vináttan skiptir miklu máli í Hvassó. Á meðan á áttakinu stóð var jafnframt sent út vikulegt fréttabréf þar sem foreldrum og fjölskyldum var haldið upplýstum um framgang verkefnisins. Sjá fréttir á heimasíðu skólans:

[http://www.hvasso.is/index.php?option=com\\_content&view=category&id=78&Itemid=88](http://www.hvasso.is/index.php?option=com_content&view=category&id=78&Itemid=88)

[http://www.http://www.hvasso.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=469:vinir-i-hvasso-i-april&catid=2:nýfrett&Itemid=9](http://www.http://www.hvasso.is/index.php?option=com_content&view=article&id=469:vinir-i-hvasso-i-april&catid=2:nýfrett&Itemid=9)

**Tilnefnd:** Vinir í Hvassó - samstarfsverkefni Foreldrafélags, skólaráðs og skólans sjálfs í Hvassaleitisskóla / Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í Skólaráði Hvassó og Inga Ívarsdóttir, formaður Foreldrafélags hvassó

**Tilnefningaraðili:** Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, foreldri

## **Sláturgerð Foreldrafélags Leikskólans Mýrar** **Foreldrar barna í leikskólanum koma saman haust hvert og taka slátur.**

Markmiðið er sparnaður, samvinna foreldra, að halda í þjóðlegar hefðir, börnin hafa einstaklega gaman af því að borða mat sem foreldrar hafa útbúið.

Sláturgerðin hefur verið fastur liður í leikskólanum á hverju hausti í fjölda ára. Foreldrar koma saman og taka slátur.

Verkefnið er góð leið til að efla samstarf og tengsl milli heimila og skólans, og brúa bil milli foreldra, barna og skóla við samfélagið.

**Tilnefnd:** Sláturgerð / Foreldrafélag Leikskólans Mýrar / Kristinn Kristjánsson, formaður Foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** Friðrik Atlason, foreldri

# Hofsstaðaskóli, Sædís Arndal, kennari í smíðum og nýsköpun

## Nýsköpun í Hofsstaðaskóla

Markmið verkefnisins er að nemendur geri sér sem best grein fyrir hvað er nýsköpun og hvað er hugmynd, að vekja áhuga nemanda á nýsköpun, að nemendur trúi því að þeir sjálfir geti fengið góða hugmynd, fræðist um það að góð hugmynd skapar vinnu og peninga, skrái og safni hugmyndum í hugmyndabók, velji sér uppáhalds hugmyndina sína og útfæri hana skriflega, geri eftirlíkingu, sendi hugmyndir í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Allar hugmyndir fara í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna og í Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla.

Foreldrar barna í skólanum hafa ekki komið beint að verkefninu, en styðja nýsköpunarvinnu og smíðakennslu í skólanum af heilum hug enda er sköpunargáfa barnanna okkar eitt það dýrmætasta sem við getum hlúð að.

Nemendur Hofsstaðaskóla hafa undanfarin ár tekið þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) með góðum árangri. Þrír nemendur komust síðast áfram í úrslit Nýsköpunarkeppninnar og hlaut einn af þeim gullviðurkenningu fyrir hugmynd sína. Auk þess hlaut skólinn gullviðurkenningu fyrir fjölda innsendra hugmynda. Síðastliðin ár hefur einnig verið haldin sérstök lampakeppni í skólanum.

Sköpunarkraftur nemenda hefur vakið athygli og það hversu vel hefur tekist að virkja þá til þátttöku í ofangreindum verkefnum. Hefur það m.a. annars orðið til þess að skólanum er boðið að taka þátt í ráðstefnu sem ber yfirskriftina Innovation and Creativity in the hands of the young, sem fer fram 2. – 4. desember á Grand Hótel Reykjavík en sérstakar vinnustofur í tengslum við ráðstefnuna verða í Norræna húsinu. Á ráðstefnunni verður fjallað um nýsköpun og mikilvægi þess að virkja sköpunarkraftinn hjá unga fólkinu. Það er öllum þjóðum og samfélaginu í heild mikið hagsmunamál að virkja þessa auðlind, sérstaklega nú á tímum efnahagsþrenginga. Sædís Arndal smíðakennari mun fylgja nemendum sem taka þátt í vinnustofu.

Verkefnið hefur bæði sýnt nemendum fram á áhuga samfélagsins á þeirra hugmyndum og vinnu, sem og sýnt samfélaginu og foreldrum á mjög svo jákvæðan hátt hve skapandi og hugmyndarík börnin okkar geta verið undir handleiðslu kennara eins og Sædís.

**Tilnefnd:** Nýsköpun í Hofsstaðaskóla / Hofsstaðaskóli, Sædís Arndal, kennari í smíðum og nýsköpun

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Hofsstaðaskóla, Þorgeir Axelsson formaður

# Foreldrafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólanna á Álftanesi og Félagsmiðstöð Álftaness

## Jóla- og góðgerðardagur á Álftanesi

Foreldrafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólanna og Félagsmiðstöðin stóðu fyrir glæsilegum jóla- og góðgerðardegi þann 12. desember 2009, þar sem bæjarbúum gafst tækifæri til að koma saman og láta gott af sér leiða.

Leikskólarnir voru opnir og þar var fönðrað og skreyttar piparkökur. Haldinn var handverks markaður í Íþróttahúsinu og rithöfundar lásu upp úr nýttkomnum bókum á bókasafni skólans. Íþróttálfurinn skemmti krökkunum við frábærar undirtektir í Íþróttahúsinu. Boðið var upp á vöffur og kakó og bæjarbúar gátu keypt laufabrauð og kökur. Sjötti bekkur sá um jólakortasölu og Álftnesingar gátu pakkað inn gjöfum fyrir Mæðrastyrksnefnd og tekið þátt í jólafatasöfnun Rauðakrossins. Álftnesingar voru mjög gjafmildir og fylltu heilan sendibíl af mat en yfir 200 matarpokar söfnuðust og voru þeir flestir fullir. Ingó veðurguð mætti á svæðið og tók nokkur hress lög eins og hans er von og vísa. Norræna félagið kynnti sænsk jól og Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness stóð fyrir ljósmyndasýningu í Íþróttahúsinu. Álftaneskórinn söng og hljómsveitin Snjólugt tók lagið. Hjálparsveit skáta í Garðabæ var með jólatréssölu. Fram fór piparkökuhúsaþeppi og veitt voru frábær verðlaun fyrir flottasta húsið og ratleikinn. Nöfn vinningshafa er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.alftanes.is](http://www.alftanes.is). Jóladaurinn fékk jákvæða umfjöllun m.a. í Íslandi í bítnu, á Skjánum, hjá Simma og Jóa á Bylgjunni og í Garðapóstinum. Óhætt er að segja að allir hafi skemmt sér vel.

Markmiðið með verkefninu var að koma saman og láta gott af sér leiða. Styrkja tengsl barna og foreldra. Foreldrar tóku virkan þátt og aðstoðuðu krakkana við að baka, selja varning og veitingar, halda utan um daginn o.fl. Verkefnið verður væntanlega að árlegum viðburði.

Eftir alla þá neikvæðu umfjöllun sem Álftanes hafði fengið í kjölfar bankahrunsins og gjaldþrots sveitarfélagsins var þessi dagur kærkomið tækifæri fyrir heimilin og skólann til að snúa bókum saman og láta gott af sér leiða. Verkefnið þjappaði foreldrum og börnum saman og leiddi til góðs, m.a. voru gefnar gjafir til Rauða krossins auk þess sem 200 matarpokar söfnuðust.

Viðhengi: <http://www.heimilioskoli.is/form/da47e938801f951524266b29ef63130a.pdf>

**Tilnefndur:** Jóla- og góðgerðardagur á Álftanesi / Foreldrafélag Álftanesskóla, foreldrafélög leikskólanna á Álftanesi og Félagsmiðstöð Álftaness / Umsjón Einar Karl Birgisson, í stjórn foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** Eypór Páll Hauksson og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, foreldrar

## Álftanesskóli

### Uppeldi til ábyrgðar

Álftanesskóli er meðal annars brautryðjandi í innleiðingu og vinnu með Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga á Íslandi. Starfsfólk skólans hefur unnið að þýðingu og útfærslu efnis til notkunar í meðal annars leik- og grunnskólum, félagsmiðstöðvum og tómstundaheimilum sem og í vinnuskólum sveitarfélaga. Álftanesskóli hóf þessa vinnu með formlegum hætti haustið 2002.

Markmið verkefnisins er að börnin (og starfsfólk skólans) temji sér sjálfsaga og beri ábyrgð á eigin hegðun.

Börnin bera ábyrgð á eigin hegðun og ef þau hegða sér ekki í samræmi við stefnuna, vinna þau með starfsmönnum að leið til að bæta sig.

Foreldrum hefur verið boðið á námskeið og fyrirlestra til að innleiða stefnuna á heimili sín.

Það auðveldar börnunum mjög að hafa sams konar reglur og gildi á heimili og í skóla. Einnig er það mjög gott fyrir foreldrana að fylgjast svona vel með skólastarfinu að þessu leyti.

Leikskólar Álftaness hafa einnig innleitt uppeldi til ábyrgðar. Það má segja að skólar sveitarfélagsins og heimili mörg hver hafi innleitt þessa frábæru stefnu og það má virkilega þakka Álftanesskóla.

Sjá frekari upplýsingar á heimasíðu skólans [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is)

**Tilnefndur:** Uppeldi til ábyrgðar / Álftanesskóli / Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri  
Álftanesskóla

**Tilnefningaraðili:** Jóhanna Steinunn Snorradóttir, foreldri

## Samspil frístunda og skóla í Kópavogi

Verkefnið miðar að því að samræma frístundir og skóla yngstu nemenda með það fyrir augum að stuðla að meiri samverutíma fjölskyldu og minnka „skutl“ foreldra eftir vinnu. Að baki verkefninu standa: Tónlistarskóli Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs, ÍTK, Íþróttafélagið HK, Danssskóli Sigurðar Hákonarsonar, Snælandsskóli, skólanefnd Kópavogs og fulltrúi foreldra í skólaráði Snælandsskóla.

Markmiðið er að nemendur í 1. - 4. bekk geti lokið sínum tómskjöldum sem næst fyrir kl. 17:00 á virkum dögum. Þetta hefur lengi verið draumur foreldra og barna því ótrúlega drjúgur tími fer í að „skutla“ í tómskjöldum eftir að skóladegi lýkur og jafnvel um helgar sem skerðir samverutíma fjölskyldunnar. Einnig er „vinnudagurinn“ nægilega langur fyrir þennan aldursflokk. Þetta er einnig kjörið tækifæri fyrir börn að kynna list og listum.

Verkefnið hefur verið í gangi skólaárið 2009 - 2010 og er þess vænst að árangur verði slíkur að það verði ekki aðeins í Snælandsskóla næsta skólaár, heldur verði fyrirmynd fyrir aðra grunnskóla í Kópavogi.

Verkefnið krefst samvinnu heimila og skóla á margan hátt. Verkstjórn er samvinnuverkefni, hluti frístundanna - einkatímur í tónlist - fer fram á skólatíma grunnskólans og krefst samvinnu heimila og skóla auk tónlistarskóla. Tengsl Dægradvalar (frístundaúrræði Kópavogs) og heimila eykst þar sem starfsmenn Dægradvalar sjá um að koma nemendum í frístundir.

Markmiðið er að nemendur geti lokið sínum tómskjöldum á venjulegum dagtíma á virkum dögum og þá ekki síst með það að leiðarljósi að samverutími fjölskyldunnar sé sem mestur. Á hinn bóginn verður þarna til skemmtilegt samstarf allra sem koma að frístundum nemenda á þessu aldursbili og skólasamfélagið því allt þátttakendur. Það hefur mikið gildi fyrir alla aðila.

Skólasamfélagið vinnur að verkefninu og tengir saman alla þessa aðila; nemendur, foreldra, aðila frístunda barna og skóla.

**Tilnefnd:** Samspil frístunda og skóla / Verkefnisstjórn í verkefninu kemur frá eftirtöldum aðilum: Tónlistarskóla Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs, ÍTK, Íþróttafélaginu HK, Danssskóla Sigurðar Hákonarsonar, Snælandsskóla, Skólanefnd Kópavogs og fulltrúum foreldra í Skólaráði Snælandsskóla / Umsjón: Ásta Eiríksdóttir, fulltrúi foreldra í Foreldraráði

**Tilnefningaraðili:** Skólaráð Snælandsskóla í Kópavogi, Hanna Hjartardóttir, skólastjóri

## Frístundabíllinn Hafnarfirði

Frístundabíllinn er akstursþjónusta í tengslum við íþrótt- og tómstundaiðkun fyrir ungmenni á aldrinum 6-20 ára í Hafnarfirði. Þjónustan er í boði frá kl. 14:40-21:20 alla virka dagana. Hver bíll er með bílstjóra og þjónustufulltrúa.

Tilgangurinn er stuðla að því að öll börn geti stundað íþróttir og tómstundir og ferðist örugg á milli auk þess sem notkun einkabíla minnki. Frístundabíllinn gerir börnum kleift að stunda íþróttir og tómstundir óháð því að foreldrar eða forráðamenn skutli þeim á milli staða. Val barna á íþróttum og tómstundum innan Hafnarfjarðar er því óháð búsetu og hver geti geti skutlað.

Verkefnið er tilraunaverkefni á vorönn 2010 og í ljósi þess að nýting hefur verið mjög góð sem og viðtökur foreldra og barna, er ljóst að verkefnið mun halda áfram næsta haust.

Foreldrar greiða fyrir þjónustuna en samstarfsaðilar hafa tryggt að gjald foreldra er í lágmarki og vel viðráðanlegt 6000 kr. 1. feb - 31. maí. Verkefnið var kynnt vel fyrir foreldrafélögum, skólum og heildarsamtökum foreldrafélaga grunnskóla. Foreldrar geta farið með bílnum þegar verið er að kenna börnum á þær leiðir sem þau nota.

Minna álag er á foreldrum og foreldrar geta treyst því að börnin þeirra fari örugg á milli staða í umferðinni í umsjón fullorðinna. Þjónustufulltrúi er í hverjum bíl auk bílstjóra og hjálpar börnum að muna hvar þau eiga að fara út, athugar að allt dót sé með og aðstoðar ef skipta þarf um bíl. Frístundabíllinn stuðlar að því að börn í Hafnarfirði hafi meira val um íþróttir og tómstundir, en eru ekki bundin af því sem er í göngufæri eða háð því að foreldrar geti skutlað.

Minna álag á foreldrum þýðir ánægðari foreldrar, aukið valfrelsi barna þýðir ánægðari börn og það hefur jákvæð áhrif á foreldra. Samfélagslega þýðir verkefnið aukin velferð barna, stuðningur við þátttöku í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi er einnig góð forvörn. Frístundabíllinn er góð viðbót við velferð barna í Hafnarfirði og foreldrar eru ánægðir með þjónustuna. Frístundabíllinn veitir örugga þjónustu og fer eftir siðareglum sem eru til fyrirmyndar.

Frekari upplýsingar um verkefnið, sjá: [http://www.hopbilar.is/hopbilar/upload/files/fristundabill/handbok\\_fristundabilsins\\_1.3.pdf](http://www.hopbilar.is/hopbilar/upload/files/fristundabill/handbok_fristundabilsins_1.3.pdf)

**Tilnefndur:** Frístundabíllinn / Umsjón Pálmar Sigurðsson, Hópílum hf. o.fl.

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Hvaleyrarskóla / Sveindís Anna Jóhannsdóttir, formaður

## Frístundabíllinn Hafnarfirði

Markmið verkefnisins er að auðvelda börnum að komast á íþróttaæfingar, í tónlistarskóla og annað sem þau þurfa að komast milli kl. 16 og 21 þ.e. eftir skóla. Það er mikill léttir fyrir foreldra að þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnunum, hvernig og hvort þau komist þangað sem þau þurfa að fara.

Verkefnið, sem er útfært af Hópbílum og Hafnarfjarðarbæ fyrir börn í Hafnarfirði, hófst um áramót eftir að hafa verið nokkur ár í þróun. Tillaga að verkefninu var borin undir stjórn foreldrafélags Setbergsskóla og voru allir mjög jákvæðir fyrir þessu.

Allir sem hafa kynnt sér þessa þjónustu og hafa nýtt sér hana eru mjög ánægðir.

Verkefnið hefur þýtt ákveðið öryggi barna í bænum og minnkað áhyggjur foreldra. Verkefnið hefur auðveldað börnum að komast leiðar sinnar hvort heldur það er í leik eða starfi og skapað þeim mikið öryggi.

Pálmar Sigurðsson á heiður skilið fyrir framgöngu sína og að koma þessari hugmynd í framkvæmd.

**Tilnefndur:** Frístundabíllinn / Umsjón: Pálmar Sigurðsson, Hópbílum hf.

**Tilnefningaraðili:** Linda Björk Magnúsdóttir, starfsmaður Setbergsskóla

## Fjörfisgar, tómstundir fyrir fatlaða einstaklinga, Rut Jörgensdóttir Rautenberg Gaman – Saman

Í desember 2008 var sótt um styrk til Menningarráðs vesturlands til kvikmyndagerðar og fékk verkefnið úthlutað 100.000 kr. Ákveðið var að fara út í verkefnið „Gaman-Saman“ og búa til heimildarmynd um það. Undirbúningur verkefnisins hófst í febrúar 2009.

Verkefnið var tvíþætt og fólst annars vegar í því að hópur fatlaðra og ófatlaða barna á aldrinum 10-14 ára frá ólíkum menningarheimum hittist reglulega og tók þátt í skemmtilegri dagskrá og hins vegar í gerð heimildarmyndar um verkefnið. Krakkarnir í frístundahópnum Fjörfiskum fengu að bjóða með sér vini úr bekknum/árgangnum auk þess sem börnum úr móttökudeild fyrir erlenda nemendur var boðið líka. Stærð hópsins var 25 börn. Þeir foreldrar sem höfðu möguleika á því að vera með í verkefninu gerðu það.

Markmiðið með verkefninu er að leiða saman ólíka hópa barna, sem hafa að öðru leyti lítil samskipti við hvert annað og gefa þeim tækifæri til að kynnast og upplifa að það sé hægt að hafa „gaman saman“. Að undirbúa hugsanleg tómstundatillboð í framtíðinni þar sem þessir hópar, sérstaklega börn með fötlun eða án fötlunar koma saman. Að gera þessa vinnu sýnilega í samfélaginu (heimildarmynd).

Segja má að verkefnið hafi tekist vel í alla staði og lýstu allir yfir miklli ánægju með það. Áætlaður árangur, þ.e. að börnin upplifðu að þau gátu átt gaman-saman, náðist – og rúmlega það. Þar sem verkefnið heppnaðist mjög vel, var ákveðið að gera það að árlegum viðburði og jafnvel koma af stað klúbbastarfi með þátttöku barna af ólíkum uppruna.

Með verkefninu voru mörg bil brúuð. Margir aðilar voru virkjaðir með, bæði foreldrar, skólafólk og fleiri.

Hægt er að sjá klippur úr myndinni ef farið er inn á [www.youtube.com](http://www.youtube.com) og slegið inn gaman saman eða Fjörfisgar.

**Tilnefndur:** Gaman – Saman / Fjörfisgar, Tómstundir fyrir fatlaða einstaklinga. Umsjón Rut Jörgensdóttir Rautenberg, þroskaþjálfari og umsjónarmaður Fjörfiska

**Tilnefningaraðili:** Heiðrún Janusardóttir, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála hjá Akraneskaupstað

## Borghildur Jósúadóttir, formaður foreldraráðs FVA vegna foreldrastarfs í framhaldsskólum

Foreldrastarf innan framhaldsskólanna er nýtt af nálinni. Áður fyrr voru nemendur sjálfráða þegar þeir byrjuðu í framhaldsskólanum ogersvolítið eins og það hafi tekið framhaldsskólann nokkur ár að átta sig á því að meira en helmingur nemenda er ósjálfráða fyrstu tvö árin í framhaldsskóla. Það hefur þurft að brjóta ís og höggva á hnúta og allt krefst þetta úthalds og elju. Í dag eiga foreldrar nemenda við FVA miklu betra aðgengi að öllu skólastarfi hvort sem er í námi eða leik.

Borghildur Jósúadóttir, formaður foreldraráðs Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi hefur um árabil verið ötul í foreldrastarfi á Akranesi, hvort sem er í grunn- eða framhaldsskóla. Hún hefur haft aðkomu að samstarfi á milli heimilis og skóla bæði sem foreldri og kennari. Borghildur hefur átt barn í grunn- eða framhaldsskóla í um 30 ár. Nú þegar yngsta barnið klárar framhaldsskóla er við hæfi að þakka þeim er staðið hafa í framlínunni okkur hinum til handa.

Markmiðið er að gera foreldra ábyrga fyrir skólagöngu barna sinna upp að 18 ára aldri og virkja samstarfið á milli heimilis og skóla á framhaldsskólastiginu. Að styðja við og styrkja heilbriggt félagslíf innan framhaldsskólans.

Með eljusemi og dugnaði hefur foreldrafélagið með Borghildi í fararbroddi skapað hefð sem sannarlega er komin til að vera. Með beinni þátttöku í viðburðum eiga foreldrar auðveldara aðgengi að öllu skólastarfi og félagsstarfi á vegum skólans.

Foreldrastarf við FVA er mjög öflugt. Foreldrarnir hafa aðkomu að ýmsu í félagslífi nemenda. Til dæmis foreldrarölt þegar skóladansleikir eru, vöflubakstur á spilakvöldum, aðstoð við leikrit (leikmynd ofl). Framhaldsskólinn hefur í auknum mæli leitað til foreldrafélagsins/ráðsins með ýmis mál. Foreldrar eru sýnilegri innan framhaldsskólans og láta sig varða námið, félagslífið o.fl. og skoðun þeirra skiptir máli.

Viðhengi: <http://www.heimiliogskoli.is/form/d66eb5b5860c9d98b033a06cad118629.docx>

**Tilnefndur:** Borghildur Jósúadóttir, formaður foreldraráðs Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi vegna foreldrastarfs innan framhaldsskóla

**Tilnefningaraðili:** Heiðrún Janusardóttir, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnmála hjá Akraneskaupstað og forvarnarfulltrúi Fjölbrotaskóla Vesturlands Akranesi

## Kristján Freyr Geirsson, lögreglumaður, varðstjóri forvarnarmála vegna forvarnarmála

Kristján hefur unnið gott starf í forvörnum í Reykjanesbæ í samstarfi við skólayfirvöld grunnskólanna, foreldrafélögin og kennara. Hann heimsækir börn í leikskóla, börn og unglinga í grunnskóla og einnig í framhaldsskóla.

Tilgangurinn er að fræða börn um umferðaröryggi og að vera góðar fyrirmyndir í einu og öllu.

Krissi byrjaði í forvarna- og fræðslumálum innan lögreglunnar 1992-1993 og hefur starfað samfleytt síðan. Töluverðar breytingar hafa orðið á þessu starfi í gegnum árin og er starfið mjög yfirgripsmikið. Krissi sinnir Suðurnesjum öllum en þar eru 11 grunnskólar og 15 leikskólar. Inni í þessu er fræðsla til foreldra. Hann er í samstarfi við FS þar sem Forvarnadagur Ungra ökumanna er haldinn árlega og koma 400 nemendur árlega að því verkefni. Mörg forvarnaverkefni koma inn á borð til Krissa til viðbótar eins og verkefni Lions og Kiwanis klúbba sem gefa reiðhjólahlajma og margt fleira.

Foreldrar fá fræðslu frá Krissa og hann hefur aðstoðað foreldrafélögin við að afhenda börnum endurskinsvesti til eigna og frætt þau um umferðaröryggi í leiðinni. Hann er alltaf reiðubúinn til að mæta og fræða börnin þegar til hans er leitað. Verkefnið hefur stuðlað að og eftt umræðu foreldra og barna um umferðaröryggi, þegar börnin koma heim úr skólanum eftir að hafa hitt Krissa lögggu. Krissi hefur boðað foreldra í skólana í samráði við skólayfirvöld til að veita fræðslu um öryggismál bæði varðandi umferð og netnotkun.

Verkefnið er mjög mikilvægt samfélagsverkefni og er skemmtileg tenging skóla, foreldra, barna og lögregluembættisins. Krissi hefur unnið frábært starf í skólunum og er góð fyrirmynd.

**Tilnefndur:** Kristján Freyr Geirsson, lögreglumaður, varðstjóri forvarnarmála vegna forvarnarmála

**Tilnefningaraðili:** FFGÍR, Foreldrafélögin í Reykjanesbæ / Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri

## Árni Einarsson

### Uppbygging forvarna í framhaldsskólum

Markmiðið er að efla bindindi í framhaldsskólum og umhverfi þess.

Í sumum framhaldsskólum er verkefnið á byrjunarreit en lengra komið annarsstaðar.

Aðkoma foreldra er með stofnun foreldrafélaga og upplýsingaflæði til þeirra frá forvarnafulltrúum.

Efling samstarfs heimilis og skóla felst í upplýsingaflæði fyrst og fremst, og ábendingum um leiðir og fræðslu.

Verkefnið eflir samvinnu allra aðila og bindindi smitast til allra sem koma að skólastarfinu.

Áratuga sjálfboðavinna Árna Einarssonar er ómetanleg í forvörnum.

**Tilnefndur:** Uppbygging forvarna í framhaldsskólum / Árni Einarsson

**Tilnefningaraðili:** Aðalsteinn Gunnarsson

## Framúrskarandi störf Önnu Margrétar Sigurðardóttur í þágu foreldrasamstarfs í Fjarðabyggð

Anna Margrét Sigurðardóttir er formaður foreldrafélags Nesskóla og í stjórn skólaráðs í Neskaupstað, Fjarðabyggð og formaður Fjarðaforeldra, svæðisráðs foreldrafélaga í Fjarðabyggð. Anna Margrét hefur lyft grettistaki í auknu samstarfi milli foreldra barna í Nesskóla, með því að kynna fyrir foreldrum nýja hugmyndafræði og verkfæri í foreldrasamstarfi svo sem foreldrasáttmála, vinahópa og fleira slíkt. Hún hefur styrkt mjög samstarf foreldra og skóla og staðið fyrir (ásamt samstarfsfólki sínu í foreldrafélaginu) fyrirlestrum og námskeiðum fyrir bæði foreldra og starfsmenn skólans. Anna Margrét hefur einnig komið á aukinni samvinnu við Heimili og skóla og hefur fengið kynningu og fræðslu frá samtökunum fyrir foreldra um ávinning af foreldrasamstarfi. Síðast en ekki síst var Anna Margrét frumkvöðull og forspraki að stofnun Fjarðaforeldra, svæðisráði foreldrafélaga í Fjarðabyggð. Stofnun Fjarðaforeldra var mjög mikilvægt skref á áttina að því að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitafélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálu.

Markmið er efling foreldrasamstarfs í Fjarðabyggð, samstarfs foreldra og skóla og að nýta krafta foreldra skólabarna til betra samfélags fyrir börn og unglinga.

Áhrifa Önnu Margrétar gætir víðsvegar í skólaumhverfinu í Neskaupstað. Hún og samstarfsfólk hennar hafa lagt linurnar fyrir framtíðarsamstarf foreldra skólabarna í bænum, sem og í sveitarfélaginu öllu. Hún hefur aukið meðvitund foreldra um mikilvægi hlutverks þeirra sem foreldri og mátt þeirra sem hagsmunahóps í sveitafélaginu. Hún hefur bæði aukið væntingar og sett hefðir sem án efa skila sér í betra skólaumhverfi og bættu samfélagi fyrir börn og unglinga í Fjarðabyggð.

Framangreind verkefni hafa nær eingöngu verið í höndum foreldra í Fjarðabyggð, undir forystu Önnu Margrétar. Þau hafa þó einnig notið stuðnings fræðslufulltrúa Fjarðabyggðar, skólastjórnenda sem og styrktaraðila í nærumhverfinu.

Aukin aðkoma foreldra að skólastarfi og samstarfi sín á milli hefur verið mótuð á starfstíma Önnu Margrétar. Hún hefur einnig unnið mikið kynningarstarf fyrir Heimili og skóla ásamt foreldrafélagi skólans en þau hafa dreift fréttabréfum og bæklingum frá samtökunum víða hér í samfélaginu. Anna Margrét hefur einnig vakið foreldra, bæði í Neskaupstað og annars staðar í Fjarðabyggð til umhugsunar um hlutverk og áhrif sín og fært áherslur frá því að vera mjög miðaðar við félagslíf og skemmtanir yfir í að vera einnig mótandi þegar kemur að forvörnum, faglegu samstarfi við skóla og öðru slíku.

Með stofnun Fjarðaforeldra hefur samstarf milli foreldra í Fjarðabyggð aukist mjög. Einnig hefur starf hennar mótað nýjar hefðir í aðkomu foreldra að skólastarfi í Fjarðabyggð. Anna Margrét hefur sótt um fjárveitingu til fyrirtækja í nærumhverfinu og þannig náð að framkvæma ýmis verkefni sem lúta að betra samfélagi fyrir börn og unglinga.

**Tilnefnd:** Framúrskarandi störf Önnu Margrétar Sigurðardóttur í þágu foreldrasamstarfs í Fjarðabyggð

**Tilnefningaraðili:** Margrét Perla Kolka Leifsdóttir fyrir hönd foreldra barna í Nesskóla, grunnskóla í Neskaupstað

## Heilsueflandi skóli – verkefni Egilsstaðaskóla á Fljótsdalshéraði

Egilsstaðaskóli er fyrsti skólinn á Íslandi sem stefnir á að gerast aðili að samtökum Heilsueflandi skóla en samtökin eru til í 43 Evrópulöndum. Sérstakur stýrihópur var myndaður í Egilsstaðaskóla vegna verkefnisins og skipa hann tveir nemendur, tveir þróttakennarar, heimilisfræðikennari og deildarstjóri við skólann sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið á Íslandi og fékk Egilsstaðaskóla í samstarf við að þróa og staðfæra reglur, gátlista og inngönguskilyrði að íslenskum aðstæðum. Verkefnið hófst í Egilsstaðaskóla haustið 2008. Skólinn hefur auk framangreindrar vinnu unnið hnitmiðað heilsueflandi starf innan allra bekkja, efnt til viðburða því tengt og búið til fræðsluefni sem hefur bæði verið dreift og kynnt í skólanum og inn á heimili nemenda.

Heilsufar og menntun eru nátengd fyrirbæri. Heilsa nemenda ræður miklu um hvort þeir komast yfirhöfuð í skólann og hvernig þeim gengur í náminu. Skólinn er þess vegna kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar og heilbrigðra lífnaðarháttá meðal barna á skólaaldri. Almennt má segja að sjónir manna beinist æ meira að skólunum því það eru menntastofnanir þar sem heilsuefling getur skipt verulegu máli. Skólinn þarf að setja sér stefnu í heilsueflingarmálum þannig að kennarar, foreldrar, nemendur og aðrir sem taka þátt í skólustarfinu hafi í höndum traustar leiðbeiningar og geti gripið til aðgerða í þeim málum.

Verkefnið stuðlar að sterkri meðvitund um að uppeldi, uppfræðsla og heill hvers einasta barns sé alltaf samvinnuverkefni foreldra og skólans.

Heilbrigðir lífshættir hafa fest sig í sessi innan skólans og það samfélag sem skólinn þjónar gengur orðið að því sem vísu að skólinn sé í fararbroddi með heilnæmum skilaboðum og aðgerðum í þágu nemenda og starfsfólks og stuðli með skemmtilegum verkefnum og viðburðum að heilbrigði og samkennd. Hvert einasta foreldri sem á barn við skólann á að vita af verkefninu og foreldrar hafa af hálfu skólans verið hvattir til að grípa boltann sín megin og efla heilsu heima fyrir. Markmiðið er að hollusta og hreyfing séu ekki afmarkað verkefni heldur sjálfsgöðir hlutir á öllum tímum!

Veturinn 2010-2011 var áhersla Egilsstaðaskóla í verkefninu Heilsueflandi skóli lögð á heilbrigðan lífsstíl og umhverfið – samstarf og tengingu við aðila sem koma að skólasamfélaginu. Markvisst er unnið að því að gera skólann gildandi í nærsamfélagi sínu og hafa farið fram miklar umræður og krufning á sambandi skólans við nemendur, foreldra og samfélagið í heild. Samliðan og samstarf um velferð barnanna, vaxtarsprotu samfélagsins, eru hér lykilorð og að þessum markmiðum er unnið á skipulegan og faglegan máta.

**Tilnefndur:** Heilsueflandi skóli – verkefni Egilsstaðaskóla á Fljótsdalshéraði / Sigurlaug Jónasdóttir skólastjóri, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir verkefnisstjóri

**Tilnefningaraðili:** Foreldrafélag Egilsstaðaskóla, Sigrún Blöndal formaður

# Anna Dagbjört Andrésdóttir, Karen Ósk Ólafsdóttir og Sonja Lára Axelsdóttir

## Skólapeysur fyrir alla nemendur Hólabrekkuskóla

Þrír nemendur skólans þær Anna Dagbjört Andrésdóttir, Karen Ósk Ólafsdóttir og Sonja Lára Axelsdóttir, þá í 8. Bekk skólans, skólaárið 2008-2009, voru staddar í kennslustund í smíðum og fóru að velta fyrir sér samstarfsverkefni. Afraksturinn var að hanna skólapeysu Hólabrekkuskóla. Ferlið tók um eitt ár frá því hugmynd kviknaði til afhendingu peysanna til nemenda, hönnun peysanna er mjög góð, litaval gott, blái liturinn er liturinn í merki skólans. Viðtökurnar voru mjög góðar og fjöldi nemenda sést á göngum skólans í peysunum. Verðið var líka mjög viðráðanlegt eða 2.900,-.

Verkefnið stuðlar að samkennd og liðsheild hjá nemendum skólans. Skólapeysurnar eru sem skólabúningur barnanna.

Hugmyndin kemur alfarið frá nemendum og þeir framkvæma hana með aðstoð stjórn foreldrafélagsins.

Að miklu leyti hefur verkefnið fest sig í sessi, m.a. nemendur klæðast peysunum daglega og skapar skólasamfélaginu góða liðsheild og samkennd.

Foreldrafélag skólans hélt utan um verkefnið með móttöku pantana, auglýstu peysurnar í samstarfi við ritara skólans, samskipti við skrifstofu vegna upplýsingagjafar og við stjórnendur skólans. Samskipti við umsjónarkennara nemenda, foreldra vegna innheimtu og við hönnuði peysanna. Tengsl starfsmanna skólans, þ.e. stjórnenda, nemenda, kennara, starfsfólks skrifstofu og foreldrafélagsins elfdust í kjölfarið.

Verkefnið stuðlar að jákvæðu samstarfi milli nemenda, foreldra, foreldrafélags og skólans. Með verkefninu er stuðlað að enn betri ásýnd og undirstrikuð leiðarljós skólans sem eru; virðing-gleði-umhyggja.

Viðhengi: <http://www.heimiliogskoli.is/form/dba3aca829daf6fea1b869af439402b3.pdf>

**Tilnefndar:** Skólapeysur fyrir alla nemendur Hólabrekkuskóla / Anna Dagbjört Andrésdóttir, Karen Ósk Ólafsdóttir og Sonja Axelsdóttir í samstarfi við foreldraráð skólans skólaárið 2008-2009.

**Tilnefningaraðili:** Skólaráð Hólabrekkuskóla

## Hólabrekkuskóli

### Metnaðarfull skólaskák fyrir nemendur Hólabrekkuskóla

Verkefnið stuðlar að betri og bættri rökrænni hugsun hjá nemendum. Eflir liðsheild og bætir keppnisandann hjá nemendum skólans. Skákiðkun er naglfastur þáttur í skólastarfinu.

Skákin hefur fest sig í sessi í skólastarfinu og blómstar ár frá ári. Nemendur skólans hafa náð góðum árangri á mótum og unnið til verðlauna. Á jólamóti ÍTR sem haldið var í desember 2008, kepptu unglingarnir og náðu ágætis árangri, voru aðeins hársbreidd frá bronsverðlaununum. Eftir spennandi keppni munaði aðeins hálfum vinning á a-sveit skólans og sveit Hagaskóla sem lenti í þriðja sæti. Yngri bekkirnir öttu kappi sunnudaginn 7. desember og voru rúmlega 20 sveitir viðs vegar úr Reykjavík skráðar til leiks. Hólabrekkuskóli sendi fjórar sveitir á mótið og þar af eina stúlknasveit. Árangurinn var vægast sagt frábær; a-sveit skólans vann silfurverðlaun nokkuð örugglega og b-sveitin lenti í 4. sæti eftir hörkukeppni um 3. sætið. Þá náði stúlknasveit skólans glæstum árangri með að lenda í 3. sæti eftir frábæran endasprett. C-sveitin endaði síðan um miðja deild þrátt fyrir ungan aldur nokkurra liðsmanna sveitarinnar sem gefa virkilega góðar vonir fyrir framtíðina. Barna- og unglingameistaramót Taflfélags Reykjavíkur auk Stúlknameistaramóts félagsins fór fram 15. nóvember. Alls tóku 10 nemendur þátt í mótinu frá Hólabrekkuskóla og öll stóðu þau sig með miklli prýði.

Aðkoma foreldra felst í hvatningu til barnanna. Skólaskákin er foreldrum að kostnaðarlausu. Fjölmargir nýta sér það á hverju skólaári. Skákin er góð hugarþrótt sem nýtist bæði í leik og starfi. Tengsl nemenda skólans í öllum árgöngum við starfsmenn og stjórnendur verða nánari, tengsl við aðra nemendur, starfsfólk skrifstofu og foreldra styrkjast og eflast.

Það sýnir sig hve mikilvægt það er að sýna samstöðu og hafa trú á því sem maður er að framkvæma. Með jákvæðum undirtektum yfirmanna gat þetta orðið að veruleika sem sýndi sig glögglega, því þann 21. apríl sl. Efndi Hólabrekkuskóli til kökusölu, til styrktar skákunnendum til kaupa á skákklukkum sem hefur vantað tilfinnanlega við skákkennsluna. Afrakstur sölnnar fór fram úr björtustu vonum.

Verkefnið stuðlar að jákvæðu samstarfi milli nemenda, starfsmanna skólans og foreldra nemenda. Undirstrikar leiðarljós skólans sem eru; virðing-gleði-umhyggja.

Sjá upplýsingar á heimasíðu skólans [www.holabrekkuskoli.is/fréttir](http://www.holabrekkuskoli.is/fréttir)

**Tilnefnd:** Metnaðarfull skólaskák fyrir alla nemendur í öllum árgöngum (fyrir utan 1. Bekk) / Hólabrekkuskóli / Umsjón Birna Halldórsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Skólaráð Hólabrekkuskóla

## **Hrund Þórarinsdóttir**

### **Námskeið fyrir seinfæra foreldra**

Námskeiðið er fyrir foreldra sem eiga erfitt með að nýta sér hefðbundna foreldrafræðslu.

Námskeiðið var haldið í Vindáshlíð og er byggt á niðurstöðum rannsókna dr. Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur um seinfæra foreldra og fjölskyldustuðning. Námskeiðið fór fram í janúarlok 2010 og var vel sótt.

Verkefnið er nýjung sem hlaut meðal annars styrk úr forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar.

Námskeiðið var fullsetið og þótti takast vel. Foreldrar sem sóttu námskeiðið létu vel að þessu námskeiði og óskuðu eftir framhaldi.

Verkefnið styður seinfæra foreldra til sjálfstrausts í samskiptum við skóla.

Stefnan er að skila börnunum betur undirbúnum undir þátttöku í nútímasamfélagi.

**Tilnefnd:** Námskeið fyrir seinfæra foreldra / Grund Þórarinsdóttir

**Tilnefningaraðili:** Hólmfríður Petersen

## Foreldrafélag Vinagarðs, leikskóla KFUM og K og stuðningur þess við leikskólstarfið

Verkefnið felst í að efla tengsl og kynni foreldra og starfsfólks. Foreldrar kynnist innra starfi leikskólans.

Tvisvar á vetri býður stjórn foreldrafélagsins öllum foreldrum og starfsfólki í léttan kvöldverð og samveru. Annars vegar í desember þar sem allir vinna saman að undirbúningi jólaballs leikskólans og starfsfólki hefur verið færð jólagjöf frá foreldrafélaginu. Hins vegar í mars þar sem boðið er upp á fræðsluerindi og starfsfólki hefur verið fært gjafabréf upp á einn frídag í leikskólanum og foreldrar vinna fyrir starfsfólkið í staðinn. Þetta er þriðja árið sem foreldrafélagið býður upp á þetta. Foreldrafélagið hefur átt frumkvæðið, undirbúið og skipulagt.

Foreldrafélagið hefur einnig séð um vorhátíð leikskólans í samvinnu við opið hús leikskólans. Einnig hefur foreldrafélagið skipulagt útilegur yfir sumartímam þar sem starfsfólki er boðið að vera með og ýmsar fleiri uppákomur. Foreldrar koma í leikskólann í einn dag og kynnast innra starfi leikskólans, kynnast börnum og starfsfólki betur og samskiptin verða meiri og ánægjulegri.

Stefna foreldrafélagsins er að einu sinni í mánuði gerum við eitthvað saman til að efla samstarf heimila og skóla.

Ef á þarf að halda hefur foreldrafélagið gripið inn í. Til dæmis fór starfsfólkið á námskeið á miðjum degi, þá skipulagði foreldrafélagið útivistardag fjölskyldunnar sem endaði í Pálinuboði í leikskólanum.

Foreldrafélagið hefur stutt dyggilega við leikskólann með fjáröflun og kaupum á útileiktækjum og uppsetningu þeirra. Auk þess hafa foreldrar aðstoðað við viðhald og umhirðu skólahúss og lóðar leikskólans.

**Tilnefnd:** Foreldrafélag Vinagarðs, leikskóla KFUM og K og stuðningur þess við leikskólstarfið / Arnar Gauti Sverrisson, formaður foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** Starfsfólk Vinagarðs, leikskóla KFUM og K

# Kennarar og starfsfólk Barnaskóla Hjallastefnunnar Vífilsstöðum

## Vorferðir barna og starfsfólks

Starfsfólk skólans útfærir hinar árlegu þriggja daga vorferðir af mikilli snilld og hafa þær verið í stöðugri þróun frá stofnun skólans, árið 2003. 5 ára kjarnar fara í Vatnaskóg, 6 ára kjarnar fara á Eldborg, 7 ára kjarnar fara á Arnarstapa og Snæfellsjökul, 8 ára kjarnar sigla til Vestmannaeyja og 9 ára kjarnar fljúga norður til Akureyrar. Ferðirnar eru þannig byggðar upp eftir aldri og getu barna þar sem yngstu eru hlutfallslega næst foreldrum sínum og sendar eru fréttir af ferðalöngum á hverjum degi með SMS. Skipulögð dagskrá er allan tímann og kennari er með hópnum sínum og þeim til halds og trausts. Þannig eru börnin allan tímann með einstaklingum sem bæði börn og foreldrar þekkja og treysta á þessum fyrstu skrefum til sjálfstæðis og ábyrgrar framgöngu.

Vorferðirnar marka lok vetrarstarfs og sameina lærdóm úr lotum vetrarins sem eru agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni. Vorferðin kemur þannig inn sem rökrétt framhald á áræðni lotu þar sem lífsleikni er æfð markvisst í þrjá daga.

Mikil ánægja foreldra, nemenda og kennara hefur fest ferðirnar í sessi en reynslan hefur sýnt að þessar ferðir eru mikil þroskastökk fyrir nemendur sem sýna og æfa í verki aga, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vináttu og áræðni undir öruggri leiðsögn kennara. Börnin koma heim teinrétt í baki, sjálfstæð og ánægð með sitt eigið afrek, með gríðarlega reynslu í bankanum sem styrkir sjálfsmat þeirra og styrk. Það er sameiginleg skoðun foreldra að vorferðirnar gefa börnunum gríðarlegt sjálfstraust.

Foreldrar standa fyrir ferðinni með söfnun í vorferðasjóð sem greiðir fyrir ferðakostnað og annan tengdan kostnað. Vorferðir hafa eftt tengsl á milli heimilis og skóla en allan veturinn er búið í haginn fyrir ferðina. Kennarar og foreldrar hafa og fá fjöldamörg tækifæri til þess að kynnst vel og mynda það traust sem er til staðar og reynslan hefur sýnt að bæði kennarar og foreldrar leggja sig fram við að kynnst og tengjast yfir veturinn. Þetta öfluga samstarf foreldra og Barnaskólans ber ávöxt að vori þar sem foreldrar kveðja börn sín á vit ævintýrana í öruggri umsjá kennara. Í þessum ferðum myndast vinátta sem fær hliðstæður á.

Vorferðirnar eru skólaferðir á skólatíma og öll yfirvinna hefur verið gefin af kennurum og starfsfólki. Á óeigingjarnan hátt byggja kennarar og starfsfólk Barnaskólans upp ábyrga og sjálfsörugga einstaklinga sem hafa frelsi til að vera einstaklingar í lýðræðissamfélagi.

**Tilfnd:** Vorferðir barna og starfsfólks / kennarar og starfsfólk Barnaskóla Hjallastefnunnar Vífilsstöðum / Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri

**Tilnefningaraðili:** Aníta Sigurbergsdóttir f.h. foreldra barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar

## Kennarar og stjórnendur Kópavogsskóla

### Fjölfærni – samþætting list- og verkgreina við bóklega kennslu

Ýmis verkefni hafa í gegnum tíðina verið rædd af stjórnendum Kópavogsskóla við fulltrúa í foreldraráði (og síðar skólaráði) skólans. Nokkur fyrirtæki höfðu styrkt skólann með ýmsum hætti og gerðu það mögulegt að setja verkefnið upp með verkefnisstjóra frá (K)HÍ. Endanleg útfærsla verkefnisins var síðan unnin af stjórnendum skólans og þeim kennurum sem að því koma.

Markmiðið er að gera nám nemendanna heildstæðara og efla alla samvinnu þeirra og samstarf að verkefnum sem næðu út fyrir hefðbundna skiptingu námsgreina. Sérstaða hvorrar námsgreinar yrði þá nýtt sem stuðningur við aðrar greinar og verkefnið hugsuð meira heildstæð.

Verkefnið er nú að ljúka sínu öðru ári og unnið að skipulagi þriðja ársins með verkefnastjóranum. Námskrá þriðja bekkjar verður tilbúin í ágúst en um leið verður lokið við endurskoðun námskrár annars bekkjar út frá reynslu vetrarins

Foreldraráð og skólaráð hafa frá upphafi verið með í ráðum og fylgst með framvindunni á reglulegum fundum. Einnig hafa verkefnastjóri og deildarstjóri komið á fundi og kynnt framvindu verkefnisins og tekið þátt í umræðum um næstu skref og áherslur.

Verkefnið hefur frá upphafi verið unnið í samstarfi við fulltrúa foreldra og þeir hafa fylgst með þróun þess frá fyrstu tíð.

Tenging verkefnisins hefur verið mest í gegnum foreldraráð og skólaráð skólans en einnig hefur afraksturinn verið kynntur foreldrum á sýningum og foreldrafundum í skólanum.

**Tilnefnd:** Fjölfærni – samþætting list- og verkgreina við bóklega kennslu / kennarar og stjórnendur Kópavogsskóla / Guðmundur Ólafur Ásmundsson, skólastjóri

**Tilnefningaraðili:** Skólaráð Kópavogsskóla / Jón Ólafur Halldórsson og Kristján Ólafsson, fulltrúar foreldra í skólaráði.

## Foreldrastarf vegna Kórs Flensborgarskólans

Kór Flensborgarskólans er eins og nafnið bendir til kór nemenda í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Kórinn er blandaður kór drengja og stúlkna á aldrinum 16-20. Kórastarfið er drifið áfram af Hrafnhildi Blomsterberg kórstjóra en samhliða kórnum starfa foreldrar kórfélag að því að afla fjár til að auðvelda kórnum að taka þátt í erlendum kóramótum.

Foreldrafélagið hefur með sér sex manna stjórn sem kemur að því að skipuleggja og framkvæma allt sem að framkvæmd tónleika snýr auk margra annarra verkefna. Tilgangurinn er að vinna með kórstjóra og létta honum vinnuna og tryggja þannig fjármögnun, framkvæmd og skipulag.

Dæmi um verkefni sem foreldrafélagið hefur komið að er skipulagning tveggja tónleika, í desember eftir próf í Flensborg og vortónleika eftir prófalok ár hvert. Félagið sá um pökkun borðspilsins Kollgátunnar fyrir Nýtt land ehf. fyrir síðustu jól, skipuleggur og framkvæmir allar fjáraflanir, sækir um styrki og á frumkvæði að nýjum tekjuskapandi verkefnum. Verkefni eru sett inn í viðburðadagatal til þess að einfalda yfirfærslu verkefna þegar skipt er um fólk í stjórninni.

Foreldrafélagið er öflugur stuðningshópur en einnig félagslegt afl sem dregur að sér nýtt fólk. Dæmi eru um að fólk hætti ekki í foreldrastarfinu þó barnið sé hætt í kórnum! Foreldrar í stjórn hafa einnig farið sem fararstjórar í kórferðalög innanlands sem utan.

Verkefnið kviknaði að frumkvæði foreldrahóps og hefur magnast og dafnað síðan. Það er einstakt að foreldrar skipuleggi starf samhliða félagsstarfi í framhaldsskóla. Samstarf þeirra við kórmeðlimi hefur alla tíð verið einstakt og ekki að sjá að unglíngarnir hafa neitt á móti því að fullorðið fólk sé jafn mikið með þeim og raun ber vitni. Samstarf við skólann hefur einnig alltaf verið til fyrirmyndar.

Starf foreldranna er einn hornsteina starfs kórsins og mikilvægur þáttur í stöðugu umhverfi sem hefur einkennt kórastarfið í Flensborg um árabil. Starf foreldrafélagsins getur verið fyrirmynd fyrir aðra framhaldsskóla sem vilja skipuleggja kórastarf eða annað tónlistarstarf innan veggja skólanna.

Sjá einnig <http://maggibloggari.blogspot.com/2010/04/im-so-proud.html>

**Tilnefnd:** Foreldrastarf vegna Kórs Flensborgarskólans / Foreldrafélag Kórs Flensborgarskóla, Hreinn Sigmarsson f.h. foreldrafélagsins

**Tilnefningaraðili:** Flensborgarskólinn, Magnús Þorkelsson, skólameistari

## Sr. Guðrún Karlsdóttir, prestur í Grafarvogskirkju Skólaenglar í Grafarvogi

Skólaenglar í Grafarvogi tóku höndum saman til að safna peningum til styrktar börnum og unglíngum, til að kaupa nauðsynleg námsgögn í skólabyrjun 2009. Grafarvogskirkja sá um verkefnið.

Þetta virkaði mjög vel og hjálpaði mörgum fjölskyldum til að geta hafið skólagöngu og haft öll námsgögn til taks. Margar fjölskyldur nýttu sér þetta úrræði.

Verkefnið hófst í fyrra, en gæti orðið vettvangur fyrir fleiri Englaverkefni í öðrum hverfum/skólum um land allt, með sjóðum eins og séra Guðrún Karlsdóttir býr að til að hjálpa börnum í Grafarvogi til að stunda nám með sóma.

Það voru hjón, sem eiga börn á grunnskólaaldri, sem fengu þessa hugmynd. Annað þeirra er kennari og sá vandamálið frá fyrstu hendi og hugmynd að Skólaenglum fæddist eftir að Séra Guðrún kom fram með vandamálið í sjónvarpi.

Það segir sig sjálfst að verkefnið eflir samstarf heimilis og skóla, með því að hægt sé að leita til óháðs aðila sem heldur trúnað og aðstoðar viðkomandi. Verkefnið hjálpar til við að brúa bilið á milli þeirra sem meira hafa og hinna sem minna hafa til að spila úr á erfiðum tímum.

Sjá nánari upplýsingar um verkefnið: <http://www.fmv.is/?PageID=48&NewsID=2418>  
<http://www.visir.is/article/2009717467650>

**Tilnefnd:** Skólaenglar í Grafarvogi / sr. Guðrún Karlsdóttir prestur í Grafarvogskirkju  
**Tilnefningaraðili:** Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

## Hjólafærni á Íslandi - Bláfjallaævintýrin

Markmið verkefnisins er að efla meðvitund um sjálfbærar samgöngur, eigið þrek, þrótt og kraft. Minna á þau tækifæri sem við eigum; eru ódýr, ánægjuleg og heilsueflandi. Auka lífsgæði og lífshamingju.

Þetta verkefni er samvinna nokkurra aðila: Hjólafærni á Íslandi, Seeds, Breiðabliks, Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Skógræktar Reykjavíkur.

Á vori komanda er skólum á Höfuðborgarsvæðinu boðið að þiggja leiðsögn og stuðning í hjólaferð frá Höfuðborgarsvæðinu um Heiðmörk og Lækjarbotna í Bláfjöll og gista þar í skála Breiðabliks í 200 m h.y.s. Leiðin sjálf er í kringum 80 km, síðan ræðst það af legu skólanna, hvort eitthvað bætist við þá tölu.

Markmiðið með ferðunum er að opna augu nemenda fyrir eigin getu og orku til þess að kanna sitt nærumhverfi og uppgötva fegurðina sem býr í bæjarhlaði borgarinnar. Ferðin á að vera ódýr, jafnvel svo ódýr að skólar hugleiði að bjóða nemendum frítt í ferðirnar. Og þetta á líka að vera jákvæð – svoltið erfið – en ánægjuleg upplifun.

Allt að 80 nemendur á unglíngastigi geta tekið þátt í hverri ferð, ef skólinn getur lagt til einn kennara fyrir hverja 20 nemendur. Á móti hverjum kennara kemur einn sjálfbóðaliði frá Evrópu, honum til stuðnings. Auk þess verður einn skipulagsfararstjóri og tveir sem flytja trúss og sjá um mat og skálaumgengni. Foreldrar fá heimsenda gátlista til þess að yfirfara hjólin með börnum sínum, áður en börn koma á námskeið eða í ferðir. Búið er að bóka 350 nemendur í ferðir vorsins.

Í vetur opnuðu aðilar verkefnisins hjólaverkstæði í Fossvogsskóla sem áfram verður unnið með á næsta ári. Fleiri skólar vilja gera svipað og Hagaskóli stefnir á að bjóða sínum nemendum kennslu í vali sem er byggður á vinnu Hjólafærni.

Verkefnið skapar hefðir. Hluti af verkefninu er að hvetja kennara og styðja þá til þors að vera á hjólum með nemendum sínum. Aðstandendur verkefnisins hafa boðið foreldrum að koma á námskeið og kynna sér að vera virkur hjólreiðamaður í umferðinni - og þeir hafa uppgötvað nýjan heim. Heim öryggis og léttleika yfir því að enduruppgötva dásemdir reiðhjólsins.

Nánari upplýsingar, sjá [www.hjolafaerni.is](http://www.hjolafaerni.is)

**Tilnefnd:** Hjólafærni á Íslandi – Bláfjallaævintýrin / Sesselja Traustadóttir

**Tilnefningaraðili:** Jóna Hildur Bjarnadóttir



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra